

L Ö G

49

16. marz

um sölu lögveða án undangengins lögtaks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af ráðherra, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppbóði, en birta skal áður með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

2. gr.

Uppboðið fari fram að hætti nauðungaruppbóða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

50

16. marz

um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 90% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og önnur lán, sem heimilað er að taka í því skyni. Lánin skulu kaupendur fá með eigi lakari kjörum en ríkissjóður fær þau. Þó skal heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í XVII. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1951, halda gildi sínu.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á

50 gömlum togurum og til að setja oliukyndingu í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda 16. marz fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- og matsverði skipanna með oliukyndingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

51

20. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.
og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 40 15. marz 1951, um breyting á lögum nr. 122 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, hef látið fella meginmál hinna frystnefndu laga inn í breytingalögin nr. 122 1950, og gef þau lög út svo breytt:

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafla laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögnum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsg. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.